

30. stjórnarfundur Bergrisans bs.

07. júní 2021

Fjarfundur hefst klukkan 13:00 á Microsoft Teams

Mætt:

Aldís Hafsteinsdóttir, Sandra Brá Jóhannsdóttir, Gísli H. Halldórsson. Einnig mættu á fundinn Íris Ellertsdóttir, verkefnastjóri Bergrisans, Ingibjörg Garðarsdóttir, fjármálastjóri Bergrisans, Ragnheiður Hergeirsdóttir, Velferðarþjónustu Árneshöfða, Haraldur L. Haraldsson ráðgjafi og Arnar Haraldsson ráðgjafi.

Dagskrá

1. Nýr íbúðakjarni- kynning á stöðu verkefnis

Verkefnastjóri fer yfir helstu vörður. Gestir eru þeir Arnar og Haraldur frá HLH ráðgjöf

Fjallað var um núverandi ramma um stofnframlög. Sérstök viðbótarframlög gætu átt við vegna sérstöðu búsetukjarna fyrir fatlað fólk og takmarkaðs íbúðafjölda. Það væri ávinningur af því að sækja um að nýju á nýjum grunni, fremur en að halda í áður samþykkt framlag. Útboð, hönnun og skipulag gæti verið tilbúið um næstu áramót. Stofnframlög er hægt að sækja um að loknu útboði.

Stjórn Bergrisans samþykkir að sótt verði um stofnframlög vegna búsetukjarna að Nauthaga og að farið verði í alútboð um hönnun og byggingu hússins. Jafnframt er samþykkt að fenginn verði ráðgjafi til að vinna ítarlega þarfagreiningu áður en alútboð fer fram.

Samþykkja alútboð, nýja umsókn um stofnframlög, fá ráðgjafa til þarfagreiningar.

2. Breiðabólstaður - upplýsingabeidni vegna úttektar HLH ráðgjafar

Í ljósi úttektar HLH ráðgjafar á Breiðabólstað telur stjórn nauðsynlegt að kalla eftir skýrari svörum frá rekstraraðila um rekstur og fjárframlög. Frestur verður gefinn til 16. júní næstkomandi.

3. Kerlingardalur- niðurstaða dóms

Dómsúrskurður í máli Sambýlisins Kerlingadal ehf gegn Bergrisanum lagður fram til kynningar. Niðurstaðan er Bergrisanum í hag og stjórn fagnar þeirri niðurstöðu.

4. Skammtímadvöl- beiðni um fjárveitingu

Óskað er fjárveitingar til kaupa á sjúkra- og öryggisrúmi fyrir börn

Rúmið sem um ræðir er Olaf barnarúm og er frá Stuðlabergi heilbrigðistækni ehf. og kostar samkvæmt tilboði dags. 20.04., 1.590.000- með vsk.

Stjórn Bergrisans samþykkir fjárheimild til kaupanna en vill árétta að mikilvægt er að slíkar óskir komi með góðum fyrirvara þannig að hægt sé að gera ráð fyrir þeim á fjárhagsáætlun.

5. Ársreikningur 2020

Inga fjármálastjóri kynnir ársreikning

Fjármálastjóri lagði fram ársreikning Bergrisans bs 2020 og var hann samþykktur.

6. Fundargerð þjónusturáðs

Heiða Ösp kynnir 141-143. fundargerð þjónusturáðs.

Umræður urðu um stöðu og skyldur réttindagæslumanna fatlaðs fólks og framkvæmd réttargæslunnar. Stjórn Bergrisans telur ástæðu til að tekið verði saman efni um þessi mál og lagt fyrir stjórnina.

7. NPA samningur

Heiða Ösp leggur fram beiðni um aukinn tímafjölda í NPA samning vegna breyttra þarfa/aðstæðna einstaklings

Stjórn samþykkir framlagða tillögu að NPA greiðslum, þó þannig að hæfniúrræðið sem í boði er á Viss komi til frádráttar að sinni. Stjórnin óskar eftir frekari upplýsingum um það hvers vegna þjónusta Viss nýtist ekki viðkomandi og hvort ekki finnst lausnir til þess að svo verði.

8. Staða iðjupjálfa- endurskoðun á samstarfssamningi HSu

Stjórn telur ekki rétt að halda áfram framlagi Bergrisans vegna 20% stöðu iðjupjálfa og felur verkefnastjóra að kanna aðra fleti á slíku samstarfi.